

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
105 Reykjavík

Reykjavík 17. febrúar 2003

Alþingi
Erindi nr. P 128/1026
komudagur 18.2.2003

Umsögn

Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins um frumvarp til laga um björgunarsveitir og björgunarsveitarmenn, 375. mál.

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins starfar samkvæmt lögum um brunavarnir nr. 75/2000, en þar segir í fyrstu grein.

1. gr.

Markmið laga þessara er að vernda líf, heilsu fólks, umhverfi og eignir með því að tryggja fullnægjandi eldvarnaeftirlit og viðbúnað við eldsvoðum og mengunaróhöppum á landi.


Í annari grein frumvarpsins koma fram skilgreiningar á því hvað er átt við með björgunarsveit, björgunarsveitarmanni, stjórnvöldum, björgun, leit og gæslu. Einnig kemur fram í þriðju greina að björgunarsveitum er skylt að hefja björgun, leit og gæslu ef eftir því er óskað af stjórnvaldi. Í athugasemdum við aðra grein frumvarpsins er síðan skilgreint nánar hvað einstaka þættir þýða.

Athugasemd við 2. gr.

Hvað varðar skilgreiningu á stjórnvöldum í 3. mgr. skal tekið fram að þau stjórnvöld sem núna eiga hlut að björgunarmálum eru dómsmálaráðuneyti, samgönguráðuneyti, almannavarnaráð, almannavarnanefndir, flugmála-stjórn, rannsóknarnefnd flugslysa, landhelgisgæslan, ríkislögreglustjóri, lögreglustjórinn í Reykjavík og sýslumenn sem lögreglustjórar.

Samkvæmt þessu telst Slökkviliðið höfuðborgarsvæðisins, í umboði sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, ekki vera stjórnvald sem á hluta að björgunarmálum og hefur þar með ekki heimild til að boða út björgunarsveitir samkvæmt þessu frumvarpi til laga. Þetta teljum við ekki vera í samræmi við lög nr. 75/200. Einnig er vert að benda á ábyrgð sveitarfélaga í lögum um almannavarnir og sveitarstjórnir en þar er kveðið á um að sveitarstjórnir skulu vinna að velferðarþjónustu íbúa í viðkomandi sveitarfélagi.

Virðingarfyllst,
í.u. slökkviliðsstjóra


Jón Viðar Matthíasson,
aðstoðarslökkviliðsstjóri.